



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 23 október 2009.

### Ákvæði vegna hlutgengis leikmanna

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 22. október sl. nýtt ákvæði í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga sem heimilar leikmönnum sem hafa skipt um félag að loknu keppnistímabili og eru handhafar keppnisleyfis sem tekur gildi 20. febrúar næsta árs að leika þegar með nýju félagi í héraðsmótum (s.s. í Reykjavíkurmóti) og Íslandsmóti innanhúss (Futsal). Það er áfram ófrávíkjanleg regla að leikmaður skal hafa félagaskipti til þess að hefja leik með nýju félagi og skulu félagaskiptin fara fram skv. reglugerð KSÍ þar um.

Eftirfarandi tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga var samþykkt af stjórn, við bætist grein 3.5. sem er svohljóðandi:

#### ***Grein 3.5.***

***Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi 20. febrúar næsta árs hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum og Íslandsmóti innanhúss (Futsal) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.***

Umrætt ákvæði var áður til bráðabirgða í reglugerðinni en er nú samþykkt sem fullgilt ákvæði.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson

